

Mánudaginn 23. júlímán.

Nr. 20/1888.

Hið opinbera

gegn

Erlendi Björnssyni, Sveini  
Þorsteinssyni og Andrjesi  
Árnasyni.

## D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. apríl 1886 voru hinir ákærðu ásamt 27 öðrum mönnum dæmdir til sekta fyrir brot gegn 1. gr. fiskiveiðasamþykktar 9. júní 1885 fyrir Rosmhvalanesshrepp innan Skaga-, Vatnsleysustrandar-, Garða- og Bessastaðahreppa, og var sekt sú, er hinir ákærðu í máli þessu skyldu greiða, ákveðin 60 krónur fyrir hvern þeirra. Skyldu sektirnar renna hálfar til tilsjónarmanna, en hálfar í sveitarsjóð Rosmhvalanesshrepps, og málskostnað skyldu hinir ákærðu og hinir 27 meðákærðu greiða, einn sem allir og allir sem einn. Dómi þessum var að beiðni 29 af hinum dómfelldu, þar á meðal þeirra þriggja, er áfrýjun þessi snertir, skotið til yfirdómsins, en með dómi yfirrjettarins í málinu, 18. apríl f. á., var stefnuinni vísað frá yfirjettinum að því er tók til þessara þriggja manna, sökum þess að stefnan hefði eigi verið þeim löglega birt, og hefur því nú málinu, að því er þá snertir, af nýju verið skotið til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 27. marz þ. á.

Það er með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum atvikum löglega sannað, að þeir hafi hinn 25. marz 1886 brotið áður nefnda samþykkt 9. júní 1885, með því að leggja þorskanet í sjó utar eða dýpra en hún

heimilaði. Brotið frömdu þeir að eins einu sinni, nefndan dag, og hafa þeir kannast við, að þeim hafi verið kunnugt bann samþykktarinnar gegn netalögninni, en fært sem afsökun fyrir broti sínu bágindi sín og háseta sinna, stafandi af fiskileysinu, sem þá var. Þessi afsökun verður þó eigi gild tekin og verður að dæma hina kærðu í sekt samkvæmt 1. grein ofangreindrar samþykktar, sbr. 2. gr. í samþykkt 11. janúar þ. á. um breyting á henni, og álízt sektin hæfilega metiu 50 kr. fyrir hvern þeirra. Svo ber hinum ákærðu að greiða, einn fyrir alla og allir fyrir einn, allan af áfrýjun þessari löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors þeirra. — Málskostnaður fyrir undirjetti kemur ekki til greina, með því að hann var allur með áður-nefndum yfirjettardómi, 18. apríl f. á., lagður á þá er dæmdir voru með þeim dómi.

Að því er snertir rekstur málsins í hjeradi er það aðfinningarvert, án þess það eptir atvikum verði lát-ið baka hlutaðeigandi sýslumanni ábyrgð, að óhæfi-lega langur dráttur hefur orðið á innstefningu máls-ins af nýju fyrir yfirdóminn, þar sem liðið hefur nær því heilt ár frá frávisun yfirjettarins 18. apríl f. á. til þess er ný stefna var út gefin í málinu. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeradi verið vítalaus, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu, Erlendur Björnsson, Sveinn Þorsteinsson og Andrjes Árnason, greiði hver

50 króna sekt, er renni að hálfu í sveitarsjóð Rosmhvalanesshrepps og að hálfu til hlutaðeigandi tilsjónarmanna. Svo greiði þeir og einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af áfrýjun þessari löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, yfirjettarmálsfærslumannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundsonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 30. júlímán.

Nr. 12/1888.

Tómas Sigurðsson

gegn

skiptaráðandanum í Kjósar-  
og Gullbringusýslu, sýslu-  
manni Franz Siemsen.

Dómur:

Við skipti á dánarbúi Sigurðar bónda Guðmundsonar á Knararnesi, föður áfrýjandans, er andaðist 29. desbr. 1884, kom fram krafa frá áfrýjandanum, Tómasi Sigurðssyni, til 148 rdl. 88 sk. (=kr. 297,83) auk lögvaxta, er hann taldi að væri móðurarfur sinn, innistandandi í búi Sigurðar samkvæmt skiptum, er fram höfðu farið á fjelagsbúi foreldra hans eptir lát móðurinnar hinn 28. maí 1874, og krafðist hann þess því nú á skiptunum eptir Sigurð föður sinn, að arfur þessi væri talinn forgangsskuld, en hinn stefndi skiptaráð-